

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 359/2010, um meðferð krafna Íbúðalánasjóðs sem glatað hafa veðtryggingu, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „6.500.000 kr.“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: 7.290.000 kr.
- b. Í stað fjárhæðanna „3.622.600 kr.“, „4.791.180 kr.“ og „570.000“ í 2. tölul. 3. mgr. kemur: 4.063.000 kr.; 5.374.000 kr. og 639.000 kr.
- c. Við 6. mgr. bætist: og skulu vera í heilum þúsundum króna. Þegar framangreind skilyrði leiða til þess að fjárhæðir skv. 3. mgr. hækka skal ráðherra breyta þeim með reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 47. og 50. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlaðist gildi 1. janúar 2022.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 17. janúar 2022.

Sigurður Ingi Jóhannsson
innviðaráðherra.

Ragnhildur Hjaltadóttir.